

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells, Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 4. mars 1999, nýtt deiliskipulag tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells í Þjórsárdal. Á svæðinu er gert ráð fyrir svæði fyrir hjólhýsi, þjónustumiðstöð (jaðarmiðstöð hálandis) og nýrri aðkomu yfir Sandá að tjald- og hjólhýsasvæði. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri vélageymslu við bækistöð Skógræktar ríkisins sem og nýjum útihúsum og starfsmannahúsi á heimasvæði Skriðufells.

Greinargerð og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Árnesi, 28. apríl 1999.

Bjarni Einarsson oddviti Gnúpverjahrepps.

4. maí 1999

Nr. 315

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár leikskóla.

1. gr.

Með vísan til 4. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, staðfestir menntamálaráðherra hér með nýja aðalnámskrá leikskóla, uppeldisstefnu, sem tekur gildi frá og með 1. júlí 1999. Um leið fellur úr gildi Uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem kom fyrst út árið 1985 á vegum menntamálaráðuneytisins og var endurútgefin í apríl 1993.

2. gr.

Aðalnámskrá leikskóla er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans. Þar er lýst markmiðum leikskólastarfsins og leiðum að settu marki.

Aðalnámskráin verður gefin út 1. júlí 1999 af menntamálaráðuneytinu og verður dreift til sveitarstjórna.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 4. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.